

## AFKOMA ARION BANKA Á FYRSTU PREMUR MÁNUÐUM ÁRSINS 2016

Hagnaður Arion banka á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016 nam 2,9 milljörðum króna samanborið við 14,9 milljarða króna á sama tímabili 2015. Arðsemi eigin fjár var 5,7% samanborið við 35,1% fyrir sama tímabil árið 2015.

Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 2,6 milljörðum króna samanborið við 4,0 milljarða á fyrsta ársfjórðungi 2015. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nam 5,1% samanborið við 9,8% á fyrsta ársfjórðungi 2015. Heildareignir námu 1.028,6 milljörðum króna í lok mars samanborið við 1.011,0 milljarða króna í árslok 2015 og eigið fé hluthafa bankans nam 195,2 milljörðum króna í lok mars, samanborið við 192,8 milljarða króna í árslok 2015.

Eiginfjárhlutfall bankans í lok mars var 27,0% en var 24,2% í árslok 2015. Hlutfall eiginfjárbáttar A hækkaði og nam 26,2% samanborið við 23,4% í árslok 2015.

Helstu rekstrar- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

### Rekstrarreikningur

| <i>Í milljónum króna</i>                  | <b>1F 2016</b> | <b>1F 2015</b> | <b>Breyting</b> | <b>Breyt. %</b> |
|---|----------------|----------------|-----------------|-----------------|
| Hreinar vaxtatekjur                       | 7.273          | 5.783          | 1.490           | 26%             |
| Hreinar þóknatekjur                       | 3.219          | 3.757          | (538)           | (14%)           |
| Hreinar fjármunatekjur                    | (301)          | 7.539          | (7.840)         | (104%)          |
| Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarfélagi     | 677            | 4.211          | (3.534)         | (84%)           |
| Aðrar rekstrartekjur                      | 1.235          | 491            | 744             | 152%            |
| <b>Rekstrartekjur</b>                     | <b>12.103</b>  | <b>21.781</b>  | <b>(9.678)</b>  | <b>-44%</b>     |
| Laun og launatengd gjöld                  | (4.108)        | (3.492)        | (616)           | 18%             |
| Annar rekstrarkostnaður                   | (3.234)        | (2.898)        | (336)           | 12%             |
| Bankaskattur                              | (742)          | (730)          | (12)            | 2%              |
| Hrein virðisbreyting                      | (503)          | 1.782          | (2.285)         | -128%           |
| <b>Hagnaður fyrir skatta</b>              | <b>3.516</b>   | <b>16.443</b>  | <b>(12.927)</b> | <b>-79%</b>     |
| Tekjuskattur                              | (737)          | (1.720)        | 983             | (57%)           |
| Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta | 104            | 183            | (79)            | -43%            |
| <b>Hagnaður tímabilsins</b>               | <b>2.883</b>   | <b>14.906</b>  | <b>(12.023)</b> | <b>-81%</b>     |

### Helstu kennitölur

|                                  |       |       |        |
|----------------------------------|-------|-------|--------|
| Arðsemi eigin fjár               | 5,7%  | 35,1% | -29,5% |
| Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir | 3,1%  | 2,6%  | 0,5%   |
| Kostnaðarhlutfall                | 60,7% | 29,3% | 31,3%  |
| Tier 1 hlutfall                  | 26,2% | 21,2% | 5,0%   |



## HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON, BANKASTJÓRI ARION BANKA:

„Afkoma þessara fyrstu mánaða ársins er viðunandi, sérstaklega í ljósi aðstæðna, en þróun á verðbréfamörkuðum hér á landi var bankanum óhagstæð á tímabilinu. Kjarnastarfsemi bankans gekk vel sérstaklega þegar horft er til vaxtatekna en þær aukast nokkuð á milli ára og skiptir þar mestu annars vegar aukin verðbólga og hærra vaxtastig en hins vegar lægri vaxtakostnaður bankans. Rekstarkostnaður bankans eykst hins vegar á tímabilinu og þá ekki síst vegna áhrifa kjarasamninga en einnig vegna fjölgunar starfsfólks, sérstaklega hjá Valitor, dótturfélagi bankans sem er í nokkrum vexti á erlendum vettvangi.

Fjármögnun Arion banka hefur breyst nokkuð og er nú til lengri tíma en áður. Þar skiptir mestu að í upphafi árs náðust samningar við Kaupþing um endurfjármögnun eldra láns og innstæðna Kaupþings hjá bankanum í erlendum myntum. Endurfjármögnunin fólst í útgáfu skuldabréfs sem Arion banki gaf út að upphæð 93 milljarðar króna til sjö ára. Í aprílmánuði gaf Arion banki svo út sitt annað skuldabréf í evrum til breiðs hóps alþjóðlegra fjárfesta á nokkuð hagstæðari kjörum en fyrra skuldabréfið sem gefið var út fyrir um ári síðan. Sterk staða bankans og bætt lánshæfismat leiðir til greiðari aðgangs að erlendum lánsfjármörkuðum.

Startup Reykjavík verður haldið í fimmta sinn í sumar. Veruleg aukning var í umsóknum í ár og verður á næstu dögum tilkynnt hvaða 10 fyrirtæki munu taka þátt en Startup Reykjavík var valinn besti viðskiptahraðallinn á Íslandi 2016 af Nordic Startup Awards. Síðar á árinu mun svo Startup Energy Reykjavík viðskiptahraðallinn fara fram í þriðja sinn. Í gegnum þessa tvo hraðla hefur Arion banki þegar fjárfest í 54 fyrirtækjum og er fyrirséð að 17 ný og spennandi fyrirtæki bætast við í ár. Að auki hafa þau fyrirtæki sem tekið hafa þátt í viðskiptahröðlunum aflað sér viðbótarfjármagns í formi hlutafjár eða styrkja sem nemur 2,2 milljörðum króna. Þegar kemur að fyrirtækjum sem eru komin aðeins lengra í þroska og uppbyggingu þá höfum við fjárfest í sprotasjóðnum Eyrir Sprotar fyrir milljarð króna, en hlutverk sjóðsins er að fjárfesta í ungum fyrirtækjum með mikla vaxtarmöguleika. Bankinn er mjög staðfastur þegar kemur að nýsköpun og styður einnig við Nýsköpunarkeppni grunnskólana, sem er metnaðarfull keppni grunnskólanema, og skrifuðum við fyrr á árinu undir samstarfssamning við samtökin Ungir frumkvöðlar á Íslandi sem standa fyrir nýsköpunaráttaki í framhaldsskólum landsins. Í tengslum við þetta átak var námsmannafyrirtæki ársins nýlega valið við skemmtilega athöfn í Arion banka. Við lítum svo á að með stuðningi við nýsköpun á hinum ýmsu stigum menntunar og þroska fyrirtækja séum við að hlúa að framtíðinni og stuðla að enn fjölbreyttara atvinnulífi hér á landi þegar fram líða stundir.

Þessu tengt þá er margt spennandi að gerast á sviði fjármálatækni og mikið um nýjungar á því sviði. Við hjá Arion banka ætlum nú í byrjun júní að standa fyrir forritunarkeppni, sem við köllum FinTech party Arion banka. Öllum er velkomnið að taka þátt og munu þátttakendur spreyta sig á að þróa og forrita snjallar fjármálalausnir fyrir fyrirtæki og einstaklinga.“

## FUNDUR MEÐ MARKAÐSAÐILUM

Arion banki mun halda símafund á ensku fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 12. maí, klukkan 13:00. Á fundinum mun Stefán Pétursson, fjármálastjóri Arion banka, fara yfir helstu atriði í uppgjöri bankans. Áhugasamir geta sent tölvupóst á [ir@arionbanki.is](mailto:ir@arionbanki.is) og fá í kjölfarið sendar nánari upplýsingar varðandi þátttöku á símafundinum.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, [haraldur.eidsson@arionbanki.is](mailto:haraldur.eidsson@arionbanki.is), s: 856 7108.



## REKSTRARREIKNINGUR

### Rekstrarreikningur

| <i>Í milljónum króna</i>                   | <b>1F 2016</b> | <b>1F 2015</b> | <b>Breyting</b> | <b>Breyt. %</b> |
|--|----------------|----------------|-----------------|-----------------|
| Hreinar vaxtatekjur                        | 7.273          | 5.783          | 1.490           | 26%             |
| Hreinar þóknatekjur                        | 3.219          | 3.757          | (538)           | (14%)           |
| Hreinar fjármunatekjur                     | (301)          | 7.539          | (7.840)         | (104%)          |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага       | 677            | 4.211          | (3.534)         | (84%)           |
| Aðrar rekstrartekjur                       | 1.235          | 491            | 744             | 152%            |
| <b>Rekstrartekjur</b>                      | <b>12.103</b>  | <b>21.781</b>  | <b>(9.678)</b>  | <b>-44%</b>     |
| Laun og launatengd gjöld                   | (4.108)        | (3.492)        | (616)           | 18%             |
| Annar rekstrarkostnaður                    | (3.234)        | (2.896)        | (338)           | 12%             |
| Bankaskattur                               | (742)          | (730)          | (12)            | 2%              |
| Hrein virðisbreyting                       | (503)          | 1.782          | (2.285)         | -128%           |
| <b>Hagnaður fyrir skatta</b>               | <b>3.516</b>   | <b>16.445</b>  | <b>(12.929)</b> | <b>-79%</b>     |
| Tekjuskattur                               | (737)          | (1.720)        | 983             | -57%            |
| <b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi</b> | <b>2.779</b>   | <b>14.725</b>  | <b>(11.946)</b> | <b>-81%</b>     |
| Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta  | 104            | 183            | (79)            | -43%            |
| <b>Hagnaður tímabilsins</b>                | <b>2.883</b>   | <b>14.908</b>  | <b>(12.025)</b> | <b>-81%</b>     |

**Rekstrartekjur** nema 12,1 milljarði króna, samanborið við 21,8 milljarða króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015. Megin breytingin á milli ára er vegna hreinna fjármunatekna og hlutdeildar í afkomu hlutdeildarféлага en mikill hagnaður var vegna virðisbreytinga og söluhagnaðar eignarhluta á árinu 2015.

**Hreinar vaxtatekjur** hækka um 26% milli ára og vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna hækkar úr 2,6% á fyrsta ársfjórðungi 2015 í 3,1% á sama tímabili 2016. Aukinn vaxtamunur skýrist að talsverðu leyti af hærri verðbólgu og hærra vaxtastigs á fyrsta ársfjórðungi 2016 en 2015 en einnig skýrist hann af áhrifum breytinga á fjármögnun bankans á síðasta ári.

**Hreinar þóknatekjur** lækka um 14% milli ára, en lækkunin er einkum tilkomin vegna minni umsvifa á fjárfestingarbankasviði. Um 80% af hreinum þóknatekjum eru frá fyrirtækjum.

**Hreinar fjármunatekjur** voru neikvæðar á fyrsta ársfjórðungi sem nemur 301 milljón króna sem skýrist að mestu af óhagstæðum markaðsaðstæðum á tímabilinu, samanborið við mikinn hagnað á sama tímabili 2015.

**Hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага** var 677 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2016 í samanburði við 4.211 milljónir króna á sama tímabili 2015. Matsbreytingar og sala eignarhluta í tengslum við skráningu féлага á árinu 2015 hafði mikil áhrif á fyrstu þrjá mánuði ársins 2015.

**Aðrar rekstrartekjur** hækka um 744 milljónir króna frá sama tímabili 2015 og nema 1.235 milljónum króna fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins 2016. Hækkunina má að mestu rekja til hagnaðar af sölu eigna á tímabilinu.

**Rekstrarkostnaður** nam samtals 7.343 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi 2016 samanborið við 6.390 milljónir króna á sama tímabili 2015. Kostnaðarhlutfall var 60,7% samanborið við 29,3% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015. Þessi mikla hækkun kostnaðarhlutfalls skýrist nær alfarið af háum tekjum af virðisbreytingum hlutabréfa og eignasölu á fyrsta ársfjórðungi 2015. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 2,9%, samanborið við 2,6% fyrstu þrjá mánuði ársins 2015.

**Laun og launatengd gjöld** námu 4.108 milljónum króna á tímabilinu og hækkuðu um 18% frá fyrsta ársfjórðungi 2015, einkum vegna fjölgunar starfsfólks og samninga á vinnumarkaði síðla árs 2015 og í mars 2016 sem giltu frá 1. janúar. Sé hækkun meðallauna reiknuð milli tímabila nemur hún 15,1% en launavísitala hækkar um 13,3% á sama tíma. Stöðugildi samstæðunnar voru 1.163 í lok mars sem er aukning um 51 stöðugildi frá sama tíma á árinu 2015 og er það einkum vegna aukinna umsvifa dótturfélags erlendis.

**Hrein virðisbreyting** var neikvæð sem nemur 503 milljónum króna fyrstu þrjá mánuði ársins 2016. Umtalsverðar virðishækkningar urðu á lánum til fyrirtækja í tengslum við skuldauppgjör en á móti var nokkur virðislækkun á húsnæðislánum til einstaklinga tengd lokagreiðslu vegna skuldaniðurfellingar ríkisstjórnarinnar í upphafi árs 2015.

**Tekjuskattur** nam 737 milljónum króna samanborið við 1.720 milljónir króna á fyrstu þremur mánuðum ársins 2015. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í ársreikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármálafyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt



tekjuskattshlutfall er 21.0% á tímabilinu samanborið við 10,5% á sama tímabili árið 2015. Lágt tekjuskattshlutfall 2015 skýrist einkum af óskattskyldum tekjum sem tilkomnar voru vegna hagnaðar og virðisbreytinga af hlutabréfaeign, sem ekki eru skattskyldar hjá fyrirtækjum.

**Regluleg starfsemi** Arion banka stendur traustum fótum. Hreinar vaxtatekjur og hreinar þóknatekjur eru fremur stöðugar en meiri sveiflur eru í tekjum af hlutabréfa- og skuldabréfaeign. Kostnaðarhækkningar hafa verið nokkuð miklar milli ára og má einkum rekja það til nýrra kjarasamninga sem innihéldu umtalsverðar hækkningar. Þegar horft er til reglulegrar starfsemi leiðréttir Arion banki afkomu sína fyrir söluhagnaði og virðisbreytingum af yfirteknum hlutabréfastöðum, tímabundnum bankaskatti, áhrifum dótturfélaga sem eru í óskyldum rekstri og virðisbreytingum útlána að nokkru marki. Að teknu tilliti til ofangreinds lækkar afkoma ársins um samtals 305 milljónir króna, niður í 2.578 milljónir króna. Arðsemi eigin fjár af reglulegri starfsemi nam 5,1% samanborið við 9,8% á sama tímabili árið 2015. Kostnaðarhlutfall af reglulegri starfsemi nam 58,7% á fyrsta ársfjórðungi 2016 en var 53,2% á sama tímabili 2015.

## EFNAHAGSREIKNINGUR

**Heildareignir** samstæðu Arion banka aukast lítillega frá áramótum eða um 2%. Helstu breytingar má rekja til aukningar innstæðna hjá Seðlabanka og aukningar útlána en á móti lækka eignarhlutir í hlutdeildarfélögum.

### Eignir

| <i>Í milljónum króna</i>                   | <b>31.03.2016</b> | <b>31.12.2015</b> | <b>Breyt.%</b> | <b>31.03.2015</b> | <b>Breyt.%</b> |
|--|-------------------|-------------------|----------------|-------------------|----------------|
| Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands | 70.218            | 48.102            | 46%            | 63.575            | 10%            |
| Lán til lánastofnana                       | 91.672            | 87.491            | 5%             | 125.643           | (27%)          |
| Lán til viðskiptavina                      | 694.004           | 680.350           | 2%             | 649.089           | 7%             |
| Verðbréfaeign                              | 132.729           | 133.191           | (0%)           | 106.674           | 24%            |
| Fjárfestingareignir                        | 6.382             | 7.542             | (15%)          | 7.915             | (19%)          |
| Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum          | 896               | 27.299            | (97%)          | 24.965            | (96%)          |
| Óefnislegar eignir                         | 9.153             | 9.285             | (1%)           | 9.493             | (4%)           |
| Aðrar eignir                               | 23.552            | 17.783            | 32%            | 16.971            | 39%            |
| <b>Eignir samtals</b>                      | <b>1.028.606</b>  | <b>1.011.043</b>  | <b>2%</b>      | <b>1.004.326</b>  | <b>2%</b>      |

*Lán til viðskiptavina* námu 694.004 milljónum króna í lok mars og hækka um 2% frá áramótum. Lán til fyrirtækja hafa aukist nokkuð á tímabilinu, eða um tæpa 14 milljarða króna. Þessi nýju lán eru einkum til félaga í sjávarútvegi sem og í verslun og þjónustu. Íbúðalán til einstaklinga standa nánast í stað frá áramótum. Gæði útlánasafns bankans halda áfram að aukast. Hlutfall vandræðalána bankans lækkar úr 2,5% í árslok 2015 í 2,1% í lok fyrsta ársfjórðungs 2016 en vandræðalán eru skilgreind sem bókfært virði lána sem komin eru í 90 daga vanskil og lána sem talin eru þurfa sértæka niðurfærslu. Þegar horft er til hlutfalls lána bankans sem hafa verið niðurfærð var það hlutfall 3,7% í lok mars 2016 og hafði lækkað úr 4,9% í árslok 2015.

*Verðbréfaeign* nam 132.729 milljónum króna í lok mars og er nánast óbreytt frá árslokum 2015.

*Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum* lækka verulega frá áramótum sem að mestu má rekja til sölnnar á eignarhlut í Bakkavor Group Ltd. í janúar 2016.

**Skuldir** samstæðu Arion banka hækka lítillega frá áramótum og er það einkum ný lántaka sem skýrir þá hækkun. **Eigið fé og minnihluti** hækka vegna afkomu tímabilsins.



## Skuldir og eigið fé

| Í milljónum króna                         | 31.03.2016       | 31.12.2015       | Breyt.%   | 31.03.2015       | Breyt.%   |
|---|------------------|------------------|-----------|------------------|-----------|
| Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands | 11.288           | 11.387           | (1%)      | 21.561           | (48%)     |
| Innlán frá viðskiptavinum                 | 433.228          | 469.347          | (8%)      | 471.271          | (8%)      |
| Fjárskuldir á gangvirði                   | 9.577            | 7.609            | 26%       | 7.311            | 31%       |
| Aðrar skuldir                             | 49.391           | 54.383           | (9%)      | 56.822           | (13%)     |
| Lántaka                                   | 310.540          | 256.058          | 21%       | 249.751          | 24%       |
| Víkjandi skuldir                          | 9.921            | 10.365           | (4%)      | 20.494           | (52%)     |
| Eigið fé hluthafa                         | 195.154          | 192.786          | 1%        | 171.994          | 13%       |
| Minnihluti                                | 9.507            | 9.108            | 4%        | 5.122            | 86%       |
| <b>Skuldir og eigið fé samtals</b>        | <b>1.028.606</b> | <b>1.011.043</b> | <b>2%</b> | <b>1.004.326</b> | <b>2%</b> |

Lántaka bankans nam 310.540 milljónum króna í lok mars. Í janúar undirritaði Arion banki hf. samninga við Kaupþing ehf. sem kveða á um útgáfu Arion banka á skuldabréfi að fjárhæð 747,8 milljónir Bandaríkjadala eða um 97 milljarðar króna. Skuldabréfið er gefið út innan EMTN-fjármögnunarramma Arion banka og er til sjö ára, en er uppgreiðanlegt á vaxtagjalddögum fyrstu tvö árin. Skuldabréfið ber fljótandi LIBOR vexti að viðbættu 2,6% álagi fyrstu tvö árin og mun vaxtaálagið að þeim tíma liðnum taka mið af markaðskjörum. Skuldabréfið kemur til skuldajöfnunar á láni í erlendum myntum, sem Arion banki var áður með hjá Seðlabanka Íslands en er nú í eigu Kaupþings, og innlána Kaupþings hjá Arion banka í erlendum myntum. Útgáfa skuldabréfsins er liður í aðgerðum sem snúa að Kaupþingi og miða að afnámi fjármagnshafta og tilkynnt var um af Fjármála- og efnahagsráðuneytinu 8. Júní 2015. Arion banki hélt áfram útgáfu sértryggðra skuldabréfa, sem eru tryggð í samræmi við lög nr. 11/2008 um sértryggð skuldabréf, og voru gefin út ný bréf að fjárhæð 12,4 milljarðar króna á fyrsta fjórðungi ársins. Arion banki heldur áfram að styrkja sig á alþjóðlegum fjármögnunarmörkuðum, en nú í apríl gaf Arion banki út skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir evra eða sem nemur um 42 milljörðum íslenskra króna. Í heild bárust tilboð frá yfir 70 fjárfestum fyrir rúmlega 500 milljónir evra. Um er að ræða þriggja ára skuldabréf með 2,5% fasta vexti.

Eigið fé hluthafa bankans nam 195.154 milljónum króna í lok mars 2016 samanborið við 192.786 milljónir króna í lok árs 2015. Hækkunin skýrist af afkomu tímabilsins. Hlutfall eiginfjárpáttar A hjá bankanum nam 26,2% í lok mars 2016 samanborið við 23,4% í árslok 2015. Samkvæmt reglum FME um útreikninga eiginfjárhlutfalls er ekki heimilt að taka tillit til afkomu nema að uppgjör séu árituð af endurskoðanda. Eiginfjárhlutfall samkvæmt reglum FME var 26,6% í lok mars samanborið við 24,2% í lok árs 2015.



## KENNITÖLUR

|   | 3 mán. '16 | 2015   | 3 mán. '15 |
|---|------------|--------|------------|
| Arðsemi eigin fjár                                | 5,7%       | 28,1%  | 35,1%      |
| Arðsemi eigna                                     | 1,1%       | 5,0%   | 6,2%       |
| Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir                  | 3,1%       | 3,0%   | 2,6%       |
| Vaxtamunur á heildareignir                        | 2,9%       | 2,7%   | 2,4%       |
| Kostnaðarhlutfall                                 | 60,7%      | 32,6%  | 29,3%      |
| Kostnaður sem hlutfall af eignum                  | 2,9%       | 2,9%   | 2,6%       |
| Virkur tekjuskattur                               | 17,3%      | 5,7%   | 10,0%      |
| CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall)                   | 27,0%      | 24,2%  | 23,9%      |
| Tier 1 hlutfall                                   | 26,2%      | 23,4%  | 21,2%      |
| Vandræðalán                                       | 2,1%       | 2,5%   | 3,2%       |
| Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum | 71,5%      | 79,9%  | 72,5%      |
| Útlán sem hlutfall af innlánnum                   | 160,2%     | 145,0% | 137,7%     |
| Meðalfjöldi stöðugilda                            | 1.150      | 1.139  | 1.113      |
| Fjöldi stöðugilda í lok tímabils- samstæða        | 1.163      | 1.147  | 1.112      |
| Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag               | 878        | 885    | 852        |
| Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag     | 884        | 876    | 848        |

## FJÁRHAGSDAGATAL 2016

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Árshlutauppgjör 2F 2016 31. ágúst 2016

Árshlutauppgjör 3F 2016 16. nóvember 2016

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.